

3. gr.

Farmflytjendur, sem vinna farmskrár sínar í tölvum, skulu skila þeim í tölvutæku formi til embættis ríkistollstjóra samkvæmt nánari fyrirmælum sem ríkistollstjóri setur.

4. gr.

Farmflytjendur skulu tilgreina sendingarnúmer í flutningsgjaldsreikningum eða tilkynningum sem þeir gefa út vegna viðkomandi vörusendingar.

5. gr.

Tollstjórar skulu skila farmskrám, sem eru í skriflegu formi (pappírsfarmskrám), til endurskoðunardeildar embættis ríkistollstjóra innan viku frá því að flutningsfar tekur eða lætur úr höfn. Tollstjórar skulu innan viku frá tollafgreiðsludegi skila endurskoðunardeild embættis ríkistollstjóra aðflutnings- og útflutningsskjölum sem skilað hefur verið í skriflegu formi (pappírstollskjölum) vegna tollafgreiðslu á vörum.

6. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er með vísan til 14., 15., 53. og 121. gr. tollalaga nr. 55, 30. mars 1987, með síðari breytingum, öðlast gildi frá og með 1. janúar 1998. Frá sama tíma falla úr gildi fyrirmæli samkvæmt auglýsingu nr. 566/1987 um sama efni.

Ákvæði til bráðabirgða.

Öðrum farmflytjendum en um ræðir í 3. gr. er heimilt til 1. janúar árið 2000 að skila viðkomandi tollstjóra farmskrám í skriflegu formi (pappírsfarmskrám) í tvíriti yfir vörur sem eru á skrá til tollumdæmis hans, sbr. m.a. bráðabirgðaákvæði tollalaga nr. 55/1987 og lög nr. 69/1996 um breyting á þeim.

Ríkistollstjóri, 24. nóvember 1997.

Sigurgeir A. Jónsson.

AUGLÝSING**um staðfestingu á samkomulagi milli Garðabæjar,
Kópavogskaupstaðar og Bessastaðahrepps um breytt
mörk sveitarfélaganna í Skerjafirði.**

Á grundvelli 2. mgr. 3. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 hefur félagsmálaráðuneytið hinn 21. nóvember 1997 staðfest samkomulag milli Garðabæjar, Kópavogskaupstaðar og Bessastaðahrepps um breytt mörk sveitarfélaganna í Skerjafirði, sbr. samning milli sveitarstjórna framangreindra sveitarfélaga, dags. 7. nóvember 1997.

Í samningnum segir svo:

„Undirritaðir, bjarstjórinn í Kópavogi, fyrir hönd bjarstjórnar Kópavogs, bjarstjórinn í Garðabæ, fyrir hönd bjarstjórnar Garðabæjar og sveitarstjórinn í Bessastaðahreppi, fyrir hönd hreppsnefndar Bessastaðahrepps, gerum með okkur eftirfarandi samning um lög-sagnarumdæmamörk í Skerjafirði. Mörkin ákvarðast með hnitum í hnitakerfi Reykjavíkur frá 1951 eins og sýnt er á meðfylgjandi uppdrætti gerðum á tæknideild Kópavogs, dags. 25. mars 1997.

1. *Milli Kópavogs og Garðabæjar:*

Óbreytt samkvæmt lögum nr. 22 frá 20. maí 1985, bein lína úr markapunkti fyrir botni Kópavogs með hnit $X= 20.900$; $Y= 13.250$ í punkt í voginum norður af Arnarnesi með hnit $X= 22.000$; $Y= 13.540$. Lengd línu 1137,58 metrar.

Úr þeim punkti óbreytt samkvæmt fyrrgreindum lögum bein lína til vesturs með hnit, $Y= 13.540$. Lengd þeirrar línu ákvarðast nú 800,00 metrar í punkt úti á Skerjafirði í mynni Arnarnesvogs með hnit, $X= 22.800$; $Y= 13.540$.

2. *Milli Kópavogs og Bessastaðahrepps:*

Bein lína úr síðastgreindum punkti til NNV. í punkt með hnit: $X= 23.400$; $Y= 14.920$. Lengd línu 1504,79 metrar.

Samningur þessi er staðfestur í bæjarstjórn Garðabæjar hinn 22. maí 1997, í hreppsnefnd Bessastaðahrepps hinn 2. júní 1997 og í bæjarstjórn Kópavogs hinn 3. júlí 1997.

Af samningi þessum eru gerð 5 samhljóða frumrit og skal hann staðfestur af félagsmálaráðherra og honum þinglýst í Kópavogi og Hafnarfirði.

Kópavogi, 7. nóvember 1997.

F. h. Garðabæjar
Bæjarstjórinn í Garðabæ (stimpill)
Ingimundur Sigurpálsson (sign.)

F. h. Kópavogsbæjar
Bæjarstjórinn í Kópavogi (stimpill)
Sigurður Geirdal (sign.)

F. h. Bessastaðahrepps
Sveitarstjóri Bessastaðahrepps (stimpill)
Gunnar Valur Gíslason (sign.)“

Auglýsing þessi skal öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 21. nóvember 1997.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.